

Maðurinn í mysu Ísraels. Landhreinsun á Gaza

Eftirlætiskona mín í Ísrael, Efrat Fengison, hefur aftur látið frá sér heyra. Hún lýsir óánægju almennings með stjórn málaástandið í landinu, sérstaklega með Benjamin Netanyahu.

Efrat sendir okkur til frekari skoðunar nokkurra mánaða viðtal. Þar telur hún upp m.a. nokkrar plágur almennings í Ísrael: Pfizer, bóluefnin, loftlagsvána – og spáir stríði í Miðausturlöndum, þar eð býsna auðvelt sé að tendra þá eilífðarsprengju sem þau eru. Það myndi setja Ísrael í stríðsstellingar og kynda undir nýju stríði. Þá má einu gilda, hvort það er háð gegn Líbanon, Sýrlandi eða Palestínu. Við munum verða vitni að nýju stríði, segir hún. Það sé ævinlega góð leið til að afvegaleiða fólk.

Efrat sagði í fyrstu útsendingu, eftir árás Hamas, að skýra þyrfti með hvaða hætti samtökin komust inn í Ísrael. Hún taldi eigin ríkisstjórn eiga alla sök á því, sérstaklega forsætisráðherrann ofstækisfulla, Benjamin Netanyahu. Ísraelska dagblaðið Haaretz kallar hann „stjórnmaladraum, sem horfist í augu við lok ferils síns ... Netanyahu nýtur ekki trausts fólks og viðleitni hans snýst aðallega um að bjarga eigin skinni.“

Margir hafa reynt að skýra „gloppurnar“ í vörnum Ísraels. Hinn glöggi, franskur blaðamaður, Thierry Meyssan, segist hafa heimildir fyrir því, að palestínskar hersveitir utan Gaza hafi tekið þátt í árásinni, sem ísraelskum yfirvöldum var kunnugt um með talsverðum fyrirvara. Egyptar höfðu m.a. varað þá við.

Það rennir stoðum undir þá tilgátu, að um tálbeitu- eða átylluárás sé að ræða. Kanadíski stjórn málafræðingurinn, Michel Chossudovsky, velkist ekki í vafa um það. Aftur á móti er Aleks hjá Black Mountain Analysis sannfærður um, að um sé að ræða árás, runna undan rifjum byltingarhers Írans (Quds), sem sé hluti af samræmdri árás á Ísrael, Bandaríkin og Vesturveldin yfirleitt.

Íranar og fleiri stjórnvöld á svæðinu eiga harma að hefna og vilja losna við herstöðvar Bandaríkjamanna í Ísrael, Sýrlandi og Írak. Og enn hafa Íranar ekki hefnt fyrir morð Bandaríkjamanna á Qasem Soleimani, helsta herkænskufraeðingi þeirra.

Nýjar uppljóstranir/upplýsingar kynnu að einhverju leyti að skera úr um þetta, þ.e. plagg, samið í samvinnu við Bandaríkjamenn árið 2007, ári eftir að Hamas samtökin voru kosin í lýðræðislegum kosningum. Um er að ræða áætlun um aðgerðir Ísraelshers á Gaza. Ein þeirra svipmynda, sem um er fjallið í plagginu, er að hrekja Palestínnumenn burt frá ræmunni og yfir til Egyptalands.

Fyrirverandi þingmaður á Bandaríkjaþingi, Denis Kucinich, sem í ræðu og riti varaði ítrekað við hinni skelfilegu þróun í Levantíu, sagði svo eftirminnilega um þennan gjörning og framferði Ísraelskra stjórnvalda yfirleitt:

„Það er erfitt að gera sér í hugarlund - [jafnvel] í anda Orwell [öfugmælatal]- að framin sé þjóðarhreinsun og hún kölluð varnir, að boðuð séu lýðræðisleg gildi, en stundaður aðskilnaður (apartheid), að ástundaður sé rakinn þjófnaður eigna og kallaður réttur, að tekin séu traustataki heimili Palestínumanna, börn þeirra drepin, fjölskyldum tortímt, menningu og sögu – og segja, að þar með rætist forsjón Guðs.“

Atburðina í Levantíu verður að skoða í ljósi náinnar samvinnu Ísraels, Bandaríkjanna og Bretá – raunar Nató eins og leggur sig. Þróunin í Austur-Evrópu, Vestur-Asíu og fyrir botni Miðjarðarhafs, endurspeglar áherslur „Áætlunar um nýja bandaríska öld“ (Project for the New American Century.) Áætlunin snýst um að tryggja Bandaríkjunum leiðtogahlutverk á 21. öldinni, því það sé „gott bæði fyrir Bandaríkin og alheiminn.“

Hugveitan með sama nafni skartar nöfnum eins Dick Cheney, Donald Rumsfeld og Paul Wolfowitz, ofstækisfullra stríðshauka, sem kenndir eru við nýihaldsstefnu (neoconservativism).

Á grundvelli fyrrgreindrar áætlunar má skoða hernaðaruppbyggingu Bandaríkjanna og leppa þeirra í Evrópu, Levantíu og Suðaustur-Asíu.

Áætlanir ríkisstjórnar Ísraels um stórveldi guðlegrar forsjónar í Levantíu falla afskaplega vel að draumum stríðshaukanna í Washington um nýja bandaríska öld, enda er stefna Bandaríkjanna og Ísraels samofin og samtvinnuð – að miklu leyti kostuð af þeim fyrrnefndu, þ.m.t. kjarnorkuvopnin.

Það var – að mig minnir – einmitt Dick Cheeney, sem lét þau orð falla, að Ísraelsmenn ynnu skítverkin fyrir þá (Bandaríkjamenn). En stjórnvöld fleiri þjóða eru vissulega liðtæk í því efni.

https://denniskucinich.substack.com/p/the-nothingness-of-a-war-consciousness?utm_source=post-email-title&publication_id=1441588&post_id=138664660&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

<https://archive.org/details/ProjectForANewAmericanCenturyRebuildingAmericasDefenses>

https://www.calcalist.co.il/local_news/article/rj2mplngp

<https://www.middleeasteye.net/opinion/israel-palestine-mounting-evidence-israel-ready-cleanse-gaza>

<https://www.globalresearch.ca/video-false-flag-leading-to-more-false-flags-netanyahu-is-an-anti-semite-towards-an-extended-middle-east-war/5839017>

https://bmanalysis.substack.com/p/geopolitics-update?utm_source=post-email-title&publication_id=1105422&post_id=138648414&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

<https://www.indianpunchline.com/hezbollah-takes-to-the-high-ground/>

<https://www.indianpunchline.com/hezbollah-takes-to-the-high-ground/>

https://efrat.substack.com/p/war-in-the-middle-east-my-prediction?utm_source=post-email-title&publication_id=1148466&post_id=138631879&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email